


Ár í Jökulsárhlið

Greinargerð um nýtingarmöguleika

Sigurður Guðjónsson 1995



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf

VAGNHÖFÐA 7
112 REYKJAVÍK
S: 91-676400
FAX: 91-676420

Ár í Jökulsárhlið

Greinargerð um nýtingarmöguleika Sigurður Guðjónsson 1995

Á Íslandi eru fjórar tegundir nytjafiska í ám og vötnum. Þetta eru áll, lax, urriði og bleikja. Álinn er aðallega að finna á Suður- og Vesturlandi þar sem álalirfur rekur þar að landinu með hafstraumum. Mest er af honum í frjósömum stöðuvötnum og tjörnum á láglendi, þar sem hann elst upp. Lax er að finna í hlýrri og frjósamari ám landsins, en bleikja er ríkjandi í þeim kaldari og ófrjósamari. Urriði er í ám með hitafar og frjósemi þarna á milli. Í stöðuvötnum er bæði bleikja og urriði eftir aðstæðum, en urriði þarf straumvatn til að hrygna í og takmarkar það bæði fjölda urriða í vötnum og útbreiðslu hans. Í ám hrygna laxfiskategundirnar (lax, urriði, bleikja) á malarbotni þar sem hrognin eru grafin í botnmölin. Seiðin alst upp á smágrýttu og stórgrýttu undirlagi í mismiklum straumhraða. Laxaseiði eru í mestum straum (0.5-1.0 m /sek) , urriði í minni straum (0.2 -0.8 m/sek) og bleikja minnstum (< 0.5 m/sek). Búsvæði seiða af þessum tegundum geta skarast nokkuð.

Í Jökulsárhlið eru fjórar ár (1. mynd). Ár á þessum slóðum eiga uppruna sinn eins og flestar ár á Austfjörðum í hálendi. Snjóbráðar gætir lengi sumars í ánum og þar sem gróður er takmarkaður eru árnar yfirleitt snauðar. Árnar voru skoðaðar með tilliti til nýtingarmöguleika síðastliðið sumar. Almennt má segja um árnar allar að veiðiskráningu má bæta og senda inn veiðiskýrslu til Veðimálastofnunar. Skráð veiði er mælistika á verðmæti veiðihlunninda. Veðimálastofnun leggur til veiðibækur. Um Fögruhlíðará er sérstakt veiðifélag, en hinar árnar tilheyra Veiðifélagi Fljótaldalshéraðs, sem einnig tekur yfir vatnasvið Jökulsár á Brú sem þær falla í.

Fögruhlíðará rennur um eigin ós til sjávar við Landsenda. Í ánni er sjóbleikja, sem veiðist mest neðst við sjóinn og neðan til í ánni. Sjóbleikja hrygnir í ferskvatni og þar alast seiðin upp. Eftir nokkur ár í ferskvatni ganga seiðin til sjávar að vori þar sem þau taka út vöxt yfir sumartímann. Bleikjan gengur aftur í ferskvatn fyrir haustið og hefur vetursetu í ferskvatni. Áin er mjög flöt neðan til og rennur fremur lygn í bugðum. Við fjallsrætur er halli meiri og þar eru aðaluppeldissvæðin bæði í ánni sjálfri og lækjum sem í hana renna. Rafveitt var þarna og veiddust þar vorgömul bleikjuseiði (2. mynd). Fossar eru svo í lækjunum, þegar að fjallinu er komið. Áin er snauð af næringarefnum eins og lág leiðni (31 $\mu\text{S}/\text{sm}$) ber með sér. Gera má veiðistaði neðantil í ánni með grjótgörðum og

bæta um leið uppeldi í ánni þar sem seiði fyndu skjól í grjótinu (3. mynd).


Kaldá er mikið vatnsfall og kemur úr Smjörfjöllum. Áin er snauð af efnum eins og lág leiðni ($17 \mu\text{S}/\text{sm}$) ber með sér. Áin er fiskgeng að fossi í gili 3 til 4 km frá ós hennar. Neðst rennur hún á malareyrum en ofar er hún í gili. Rafveiði leiddi í ljós að bleikja er í ánni, svo og í þverá hennar Sauða, en þar er einnig urriði enda sú á heldur frjósamari (leiðni $29 \mu\text{S}/\text{sm}$) (2. mynd).

Fossá er orstutt fiskgeng en þar ofan við eru 3-4 km með góðu seiðabúsvæði að fossum við fjallsrætur. Fossá á láglandari upptök en stöllur hennar sem nefndar hafa verið og er með hærri leiðni ($51 \mu\text{S}/\text{sm}$). Ánni svipar mjög til Laxár, nema hún er um það bil helmingi minni í vatnsmagni. Bleikja þrífst vel í ánni og einnig gæti jafnvel lax þrífst þar. Líklega er hægt að gera foss neðst í Fossánni fiskgengan án mikils kostnaðar með því að hleypa vatni meðfram fossinum. Þarf þá að útbúa þrep í þann farveg. Ef foss er gerður fiskgengur væri reynandi að sleppa sumaröldum laxaseiðum í Fossá og lækni sem í hana renna í því skyni að fá þar upp laxastofn. Sá stofn yrði aldrei stór þar sem áin er stutt. Þar af leiðir að ekki má leggja í mikinn kostnað.




Laxá er fiskgeng um 4 km að fossi við Fossgerði. Í ánni er lax og bleikja, enda er áin allfrjósöm (leiðni $69 \mu\text{S}/\text{sm}$) (2. mynd). Frárennsli frá sláturhúsi fellur í ána og þarf að ganga betur frá því svo að lífríki árinna skaðist ekki. Aðdragandi Laxár er ekki ýkja hálendur. Því gætu verið ofan við foss bæði í Laxá og ekki síður í Hólmaá möguleikar á að sleppa sumaröldum laxaseiðum ef búsvæði eru til staðar. Laxaseiði þrífast á smágrýttum og grýttum svæðum í allnokkrum straum (brotum). Með því er hugsanlega hægt að glæða veiði í ánni eitthvað. Skýlt er þó að benda á að ekki er vænlegt að búast við háum endurheimtum úr slíkum sleppingum. Ef slík slepping er reynd og gefur viðunandi árangur er hægt að hugsa til fiskvegna upp fyrir fossinn.

Hvað varðar sleppingar í Laxá og Fossá væri best að nota stofn til undaneldis úr Laxá. Ekki er víst að takist að ná þar fiski. Þá er næsti kostur að seiði af stofni úr nálægri á með líka vistgerð. Kemur þá til greina að fá seiði úr Hofsárkerfinu í Vopnafirði, en þau eru í til í eldi á Laxamýri í Þingeyjarsýslu. Sumaröldum seiðum verður að dreifa vel á grýtt svæði í ánum. Til að meta árangur er best að seiðin séu merkt með örmerkjum sem er málmflís sem skotið er í haus seiðanna. Leita verður þá að merktum fiski í öllum afla í ánum.



Ef áhugi er á aðgerðum af hálfu veiðiréttarhafa í þessum ám er Veiðimálastofnun reiðubúin að gefa ráð og aðstoða eftir bestu getu.



1. mynd. Ár í Jökulsárhlið.




2. Mynd. Stærð, fjöldi og aldur bleikju-, laxa- og urriðaseiða í rafveiðum í Fögruhliðará, Kaldá, Sauðá og Laxá sumarið 1994.



CONSTRUCTION NOTES :

- BEST TO HAVE THE ABILITY TO PLACE ROCKS AS WELL AS DUMP THEM



CAT 235, FIATALLIS FE20LC OR SIMILAR

MYND 3. HUGMYND AÐ VEIDISTADAGERD


© 1988 S. Wenger

Figure 8.

BOULDER SPUR DIKES AND BANK LINING

TO - CREATE POOLS
ALTER FLOW DIRECTION
REINFORCE UNSTABLE BANKS


BOULDER SPUR
DIKES



DOWNSTREAM
BOULDERS
FOR
COVER

GRAVEL
ACCUMULATES
HERE

BOULDER CHANNEL
LINING



INCREASED
VELOCITY
AND
DEEPEND
CHANNEL
ALONG
ROCKS

PLACE
LARGE
BOULDERS
ALONG BANK
FOR FLOW
DIVERSITY

PLACE ROCKS WITH NO MORE
THAN A 1:1 (45°) SLOPE